

Nd.

643. Nefndarátt

um frv. til laga um málskostnað.

Nefndarmenn litu talsvert ólíkt á þetta mál, sumir hverjir. Sjerstaklega taldi þm. Borgfirðinga ósanngjarnnt, að dómstóll skyldi ávalt vera skyldur til að dæma stefnda málskostnað skaðlaust í einkamáli, þó að hann væri algerlega sýknaður. Það gæti verið nærri bersýnilegt, eftir likum allra atvika, að hann væri sýknaður að eins fyrir skort fullra sannana gegn honum. Á þetta fjellust flestallir nefndarmenn.

En þótt *nokkuð* megi til færa í sömu átt gegn því, að dæma sækjanda málskostnað eftir reikningi, þegar *allar* kröfur hans eru teknar til greina, þá horfir

þar þó talsvert öðruvísi við. Auk þess mundi það talsvert draga úr þrætugirni manna og ástæðulausum kröfum, ef sá einn á vissu fyrir, að fá málskostnað dæmdan sjer eftir reikningi, sem ekki fer fram öðrum kröfum en þeim, sem hann á vísa von á að vinna.

Samkvæmt þessu varð það að samkomulagi nefndarmanna, að ráða háttv. n. d. til að samþykkja það þannig breytt.

Samkvæmt þessu berum vjer fram þessar

BREYTINGATILLÖGUR.

1. Orðin: »og þegar stefndi í einkamáli er algerlega sýknaður« falli burt.
2. Að í stað orðanna: »skal tildæma þeim . . . að skaðlausu frá hinum« komi: skal dæma honum málskostnað frá gagnaðila eftir reikningi, sem dómstóllinn úrskurðar.

N. d. alþingis, 30. ágúst 1913.

Kristján Jónsson
formaður.

Jón Ólafsson
ritari og framsögum.

Stefán Stefánsson, Eyf.
með fyrirvara.

Skúli Thoroddsen.

Tryggvi Bjarnason.